

Námskrá fyrir 2. bekk

Öll kennsla grundvallast á stefnumörkun í
Aðalnámskrá grunnskóla

Íslenska

Meginmarkmið

Að nemendur nái valdi á frumþáttum móðurmáls, þ.e. töluðu máli og hlustun, lestri og ritun, eftir því sem þroski þeirra leyfir, og rækti með sér virðingu fyrir málinu. Unnið er með þróunarverkefnið *Byrjendalæsi* en það nær til allra þátta móðurmálsins, þar sem vinna með tal, hlustun, lestur og ritun er fellt saman í eina heild.

Námsmat

Lesskimunarkönnun lögð fyrir tvisvar yfir veturinn auk atkvæðakannana tvisvar til þrisvar sinnum. Verkefnabækur metnar reglulega svo og heimavinna.

Lestrarstefna Fossvogsskóla – 2. bekkur

Áherslur í kennslu

Í 2. bekk er lögð áhersla á að auka almenna lestrarfærni, styrkja hljóðkerfisvitund og fylgjast með að lestrarferli þróist eðlilega. *Byrjendalæsi* er sú aðferð sem lögð er til grundvallar.

Í lestrarkennslunni er lögð áhersla á að koma til móts við þarfir hvers og eins og að nemendur fái verkefni við hæfi. Unnið er með leshraða, lestraröryggi, lesskilning og ritun.

Hver kennari skipuleggur lestrarkennsluna að hausti og gerir foreldrum grein fyrir fyrirhugaðri framvindu lestrarnámsins.

Hlutverk heimilis

Mikilvægt er að foreldrar taki þátt í lestrarnámi barna sinna, lesi fyrir barnið og ræði innihald textans, vinni með barninu að minnsta kosti 15 mínútur á dag og að efnið miðist við getu og þroska hvers og eins.

Námsmat

Læsi

Umsjónarkennari ásamt deildarstjóra/sérkennara leggja læsi - skimun fyrir alla nemendur árgangsins, 1. hefti í nóvember og 2. hefti í apríl.

Almenn viðmið um viðeigandi árangur er 61% og þar yfir. Þeir nemendur sem eru undir þeim árangri fá öflugt leiðsagnarmat og kennslu, ekki síst þeir sem eru undir 30% árangri.

Lesmál

Lesmál er mat á lestri og réttitun. Umsjónarkennari ásamt deildarstjóra/sérkennara leggja könnunina fyrir í apríl.

Almenn viðmið um viðeigandi árangur er 61% og þar yfir. Þeir nemendur sem eru undir þeim árangri fá öflugt leiðsagnarmat og kennslu, ekki síst þeir sem eru undir 30% árangri.

Leið til læsis

Stutt eftirfylgniþróf sem gerir kennurum kleift að fylgjast með framgangi lestrarnámsins.

Raddlestrarþróf

Allir nemendur taka raddlestrarþróf a.m.k. þrisvar sinnum á skólaárinu þ.e. í september, janúar og apríl. Almennt viðmið er 80 – 140 atkvæði á mínútu að vori og innan við 5% villur.

Stafsetningarþróf

Aston Index er stafsetning stakra orða eftir upplestri. Þau sýna hvaða nemendur eiga við sértæka réttitunarerfiðleika að stríða. Umsjónarkennari/sérkennari leggur prófið fyrir í október og les úr niðurstöðum. Í apríl er prófið lagt aftur fyrir þá nemendur sem eru í áhættuhópi.

Lestur

Markmið

Að nemendur

- örvist til lestrar með fjölbreyttum verkefnum
- kynnist rími og hrynjandi, bókstöfum, orðum og setningum
- auki orðaforða sinn og efli málskilning með ýmiss konar verkefnum við hæfi
- efli lesskilning sinn með því að vinna fjölbreytt verkefni
- auki lestrarhraða og nái 80 – 140 atkvæðum á mínútu.

Efnisþættir/leiðir

Lögð er áhersla á einstaklingsmiðað lestrarnám þar sem hver nemandi fær námsefni/lesefni við hæfi. Nemendur lesa bæði upphátt og í hljóði í skólanum og heima. Mikil áhersla lögð á þjálfunarþáttinn. Nemendur hljóðgreina og stafa orð, skrifa orð, stafi og setningar. Áhersla er lögð á hlustun og tjáningu. Nemendur lesa fyrir kennara a.m.k. einu sinni í viku, einnig lesa þeir frjálst eftir því sem geta þeirra leyfir. Nemendur lesa hver fyrir annan úr eigin ritsmíðum og bókum. Lögð er áhersla á framsögn og hlustun. Að minnsta kosti þrisvar í viku er yndislestur þar sem nemendur lesa í hljóði inni í stofu.

Námsefni

Ýmsar léttlestrarbækur eftir getu hvers og eins. Nemendur vinna í vinnubókum samhliða lestrarbókum þegar við á og einnig í öðrum verkefnabókum. Einnig notaðar bækur af bókasafni skólans.

Ritun

Markmið

Að nemendur

- læri að draga rétt til stafs og þjálfist í að nota þá skriftargerð sem þeim hefur verið kennd
- læri að halda rétt á skriffæri – noti rétt grip
- geti skrifað nokkuð læsilega, hafi eðlilegt bil á milli orða og vandi frágang
- geti skrifað einfaldar setningar eftir réttum texta og upplestri
- fái tækifæri til að semja sögur og ljóð og skrifi sjálfir eða með aðstoð.

Efnispættir/leiðir

Lögð er áhersla á að

- dregið sé rétt til stafs
- rétt grip sé um skriffæri
- stafir séu af samræmdri stærð og gerð
- halli skriftarinnar sé jafn
- skriftin sé jöfn við línu
- nemendur viti hvenær rita skal stóran og lítinn staf
- nemendur tjái hugsanir sínar í rituðu máli.

Námsefni

Skript 2 frá Námsgagnastofnun, heimavinnubækur, sögugerðarbækur og ýmsar vinnubækur.

Bókmenntir

Markmið

Að nemendur

- kynnist íslenskum þjóðsögum og ævintýrum
- læri vísur og ljóð utanbókar til söngs
- þjálfist í að ræða um bókmenntaverk sem þeir hafa hlustað á
- fái tækifæri til að lesa sér til fróðleiks og skemmtunar
- taki þátt í leikrænni tjáningu á bókmenntatexta.

Efnispættir/leiðir

Lestur, hlustun og túlkun mismunandi bókmenntatexta. Nemendur syngja og læra vísur.

Námsefni

Íslenskar þjóðsögur og ævintýri, Ljóðsprotar og ýmsar ljóða- og sögubækur.

Málfræði

Markmið

Að nemendur

- læri að þekkja hugtökin bókstafur, hljóð, orð og setning
- vinni með stafrófið og þekki mun á sérhljóðum og samhljóðum
- kynnist hugtökunum samheiti, andheiti, sérnöfn og samnöfn
- fái tækifæri til að leika sér með tungumálið á fjölbreyttan hátt, t.d. með rími og orðaleikjum.

Efnisþættir/leiðir

Nemendur vinna ýmis verkefni með rími og orðaleikjum í vinnubækur og nota tölvuforrit.

Námsefni

Ritrún 1, Ritruín 2, Leikur að orðum, ýmis tölvuforrit og vinnuhefti ásamt fjölbreyttum verkefnum í tengslum við byrjendalæsi.

Stærðfræði

Meginmarkmið

Að nemendur öðlist skilning á því efni sem fjallað er um með því að tengja nýja þætti áður fenginni reynslu og þeim hugtökum sem þeir hafa á valdi sínu, nemendur temji sér fjölbreytt vinnubrögð og geti rökstutt niðurstöður sínar munnlega, skriflega eða á hlutbundinn hátt.

Námsmat

Kannanir lagðar fyrir af og til. Einnig er tekið tillit til vinnubragða og virkni í skóla og við heimanám.

Markmið

Að nemendur

- öðlist kunnáttu og færni sem getur nýst þeim í daglegu lífi og námi
- efli vitsmunapróska sinn, þ.e. efli skipulega og skapandi hugsun á þeim sviðum sem tengjast stærðfræðinni
- þjálfist í að vinna með öðrum að lausn þrauta
- geti skýrt lausnarferli sitt fyrir öðrum
- temji sér að nota þekktar staðreyndir til að álykta út frá.

Efnispættir

- Flokkun
- klukkan, lesa af skífu- og tölvuúri
- margföldun
- merkin $> = <$
- mínusheiti
- mynstur
- mælingar
- pinnabretti
- plúsheiti
- rými
- rökhugsun
- samlagning/frádráttur með tölur frá 0-...
- sannar og ósannar fullyrðingar
- sléttar tölur og oddatölur
- speglun
- taktur
- talnalína
- tugir og einingar
- tölfræði og líkindafræði
- vasareiknar
- vinna með kennslupeninga
- víxlregla.

Námsefni

Sproti 2a og 2b ásamt vinnuheftum sem tilheyra og ýmis vinnuhefti eftir getu hvers og eins, *Tíu Tuttugu* og *Viltu reyna* bækurnar. Einnig eru notað tölvuforritið *Glói Geimvera o.fl.*

Námsgögn

Einingakubbar, sentikubbar, talnagrindur, málbönd, reglustikur, teningar, tölvuforrit, stærðfræðispil, vasareiknar, talnabönd, renningur og margt fleira.

Leiðir

Lögð er áhersla á fjölbreytt vinnubrögð. Mismunandi aðferðum beitt við innlögn nýrra atriða. Skilningur nemenda er dýpkaður með ýmsum hjálpargögnum, s.s spilum, kubbum, leikjum, verklegum æfingum og rökræðum í stærri og minni hópum. Þrautir eru lagðar fyrir nemendur sem þeir leysa einstaklingslega eða tveir og tveir og þurfa að færa rök fyrir svörum sínum á munnlegan, myndrænan, skriflegan eða hlutbundinn hátt.

Heimilisfræði

Markmið

Að nemendur

- læri hvers vegna fæðutegundum er raðað í fæðuhring
- geti gert samanburð á hollum og óhollum fæðutegundum
- viti hvaðan matvælin sem unnið er með koma
- fái þjálfun í að ganga vel um vinnusvæði í eldhúsinu
- læri hvað er persónulegt hreinlæti
- læri að sífellt nart skemmir tennur
- læri um mikilvægi einstaklingsins í umhverfisvernd
- læri að virða og fara eftir reglum í skólaeldhúsi.

Námsmat

Símat á virkni og vinnusemi auk mats á verklegum og skriflegum þáttum.

Efnisþættir

Eldhúsreglur, hollar matarvenjur, tengsl heilbrigðis og næringar, hreinlæti og örverur, tannvernd, ábyrgð einstaklingsins í umhverfinu.

Námsgögn

Hollt og gott 1. hefti

Íþróttir

Meginmarkmið

Að nemendur

- tileinki sér orðaforða og hugtök sem tengjast íþróttum, líkams- og heilsurækt.
- læri reglur sem eru viðhafðar í leikfimisal og búningsklefa og læri að umgangast líkama sinn af virðingu
- þroski ákveðna hreyfifærni
- læri að sýna öllum virðingu.

Námsmat

Ástundun, virkni, áhugi, hegðun og framfarir í tímum er metið.

Markmið

Að nemendur

- efli líkamlegan þroska og afkastagetu
- efli líkamsvitund og fræðist um heilsusamlegt lífni
- þroski hæfileika sinn til tjáningar og sköpunar
- öðlist og efli hjá sér félagsþroska og samskiptahæfni
- fái aukið sjálfstraust og viljastyrk

- læri rétta líkamsbeitingu
- auki þor, kraft, liðleika og áræði
- læri að leika sér úti
- kynnist sem flestum íþróttagreinum og finni hreyfingu við hæfi.

Efnisþættir

Smáleikir – hreyfitjáning – grunnþjálfun – boltaleikir – fimleikar – frjálsar íþróttir – heilsuvernd.

Námsgögn

Íþróttasalur með föstum áhöldum: mörk, körfur, rimlar, fimleikahringir og kaðlar.

Ýmsar tegundir af boltum: fót-, körfu-, hand-, blak-, skot-, tennis- bandý- og golfboltar.

Dýnur, hestar, kubbar, stökkbretti, trampólin, badmintonspaðar, mini- tennisspaðar, teppaflísar, plastkeilur, sippubönd, húllahringir, spilasteningar, hjólabretti, dósastultur, hopp-boltar, baunapokar, blöðrur, frisbee-diskar úr svampi, gúmmíhringir, bandýsett, hljómflutningstæki.

Leiðir

Bein kennsla, sýnikennsla, sköpun, leikir, hreyfing, tónlist, þrautalausnir, hópvinna, sjálfstæð vinna. Reynt er að skapa jákvætt og skemmtilegt andrúmsloft í hópnum.

Lífsleikni

Meginmarkmið

- Að þjálfar nemendur í innlifun, svo að þeir geti sett sig í spor annarra og sýnt öðrum kurteisni og tillitssemi
- að minnka líkurnar á hegðun sem einkennist af skyndilegum hugdettum, skyndihvötum, hugsunarleysi, frekju og yfirgangi.

Námsmat

Fylgst með virkni og þátttöku nemenda.

Markmið

Að nemendur geti

- viðurkennt tilfinningar annarra
- sett sig í spor annarra
- sýnt öðrum tillitssemi
- leyst deilur og árekstra á skipulegan hátt
- eflt félagsfærni
- notað afslöppunartækni til að hafa hemil á sjálfum sér og farið eftir reglum
- glaðst bæði fyrir eigin hönd og annarra
- skilið að óskir og þarfir fólks geta verið mismunandi.

- gert sér grein fyrir því að einelti er ekki liðið í skólanum.

Efnispættir

- Innlifun, tilfinningar
- að leysa úr vanda
- stjórn skyndihvata
- sjálfsstjórn
- söngvar.

Námsgögn

Bókin *Regnbogafiskurinn* ásamt gögnum frá kennara og unnið eftir byrjendalæsisramma.

Leiðir

Umræður og bekkjarfundir. Unnið út frá agakerfinu *Uppeldi til ábyrgðar*.

Myndmennt

Markmið

Að nemendur

- fái útrás fyrir sköpunarþörf og sköpunargleði
- fái aukna möguleika á að kynnast, skilja og njóta myndlistar
- kynnist hugtökum tengdum greininni og tengi við aðrar námsgreinar, t.d. grunnform, speglun, hliðrun o.s.frv.
- vinni í hópi við að búa til sameiginlega mynd fyrir skólann sinn
- fái tækifæri til að ræða um listsköpun, bæði eigin og annarra (þjálfari gagnrýna hugsun)
- kynnist og noti mismunandi efnivið
- temji sér vönduð vinnubrögð.

Námsmat

Námsmatið byggist á símati þar sem virkni, vinnubrögð, frágangur og hegðun er notað sem grundvöllur fyrir lokaumsögn. Auk þess eru einstök verkefni metin.

Efnispættir

- Litafræði- frumlitir og andstæðir litir, kaldir liti og heitir
- málun
- grafískar aðferðir s.s.kartonþrykk og einþrykk
- leirmótun
- teikning
- myndbygging

Námsgögn

Blýantur, pappír, karton, þekjultitir, vatnslitir, vaxlitir, túss, jarðleir, grafíklitir og áhöld ásamt öðru sem tilheyrir verkefnunum hverju sinni.

Leiðir

Verkefni útskýrð og vinnubrögð kynnt ásamt listamanni sem þekktur er fyrir að nota umrædd vinnubrögð. Síðan tekur við einstaklings – eða hópvinnu. Nemendur bera ábyrgð á vinnu sinni og verða því að fylgjast vel með. Stuðlað er að jákvæðu andrúmslofti í tímum, nemendur hvattir til sjálfstæðrar sköpunar og reynt að byggja upp hjá þeim jákvæða gagnrýni jafnt á eigin verk sem annarra.

Náttúrufræði

Meginmarkmið

Að nemendur

- öðlist þekkingu og skilning á helstu sviðum náttúruvísinda
- þjálfist í að taka virkan þátt í gagnrýninni umfjöllun um málefni er snerta náttúru, umhverfi mannsins og samspil vísinda, tækni og samfélags
- kynnist og upplifi náttúruna og nánasta umhverfi sitt, eigi góðar stundir þar og læri að bera virðingu fyrir umhverfinu.

Markmið

Að

- opna augu nemenda fyrir mismunandi hegðun dýra
- nemendur geri sér grein fyrir að mismunandi atferli skiptir miklu máli í lífi dýra og getur haft úrslitaáhrif um velferð þeirra
- sýna nemendum að atferli manna er oft af sama meiði og dýranna
- hvetja nemendur til þess að fylgja vel með hegðun dýra í umhverfi sínu
- auka virðingu nemenda fyrir dýrum með aukinni þekkingu á þeim og tengslum við þau
- hvetja til náms úti í náttúrunni
- læra að atferli dýra þjónar ákveðnum tilgangi s.s. ferðalög fugla milli landa eftir árstíðum.

Námsmat

Áhugi, virkni, samvinna og vinnubrögð metin.

Efnisþættir

- Leit
- leikur
- upplifun
- spurningar
- umræður
- vettvangskannanir
- ákveðin ferli og fyrirbæri í nánasta umhverfi

- algeng hugtök og ákveðin vinnubrögð.

Leiðir

Bókin *Komdu og skoðaðu hvað dýrin gera*. Umræður, athuganir, tilraunir, útikennsla, vettvangskannanir, lestur og skoðun bóka. Nemendur vinna einstaklingslega eða í hópum.

Samfélagsfræði

Meginmarkmið

- Að veita nemendum tækifæri til að athuga þætti sem tengjast daglegu lífi þeirra og umhverfi
- að þróa með nemendum ákveðin vinnubrögð og viðhorf, s.s. forvitni, samvinnu, sjálfstæði og gagnrýna hugsun.

Markmið

Að nemendur

- læri að hver maður er einstakur en jafnframt hluti af heild, s.s. fjölskyldu og samfélagi
- þekki til mismunandi fjölskyldugerða í íslensku samfélagi
- kynnist landfræðilegum einkennum Íslands s.s. eldfjöllum, fossum, jöklar, goshverum o.s.frv.
- þekki íslenska fánann og viti hvað litir hans tákna
- þekki skjaldarmerki Íslands og söguna af landvættunum
- þekki hugtökin lýðveldi og sjálfstæði
- læri um hlutverk nokkurra þjónustustofnana í samfélaginu, s.s. skóla, sjúkrahúss, lögreglu o. fl.
- þekki nokkur örnefni, sögustaði og eða sögulegar byggingar
- kynnist Íslendingasögum og nokkrum persónum þeirra
- fái tækifæri á að lifa sig inn í atburði eða umhverfi með því að búa til veruleika með öðrum
- kynnist margbreytileika mannlífs og geri sér ljóst að til eru margar þjóðir og kynþættir í heiminum.

Námsmat

Áhugi, virkni, samvinna og vinnubrögð metin.

Efnisþættir

Verkefni tengd landinu okkar, Íslandi, fólkinu í landinu og tengslum okkar við önnur lönd.

Námsefni

Komdu og skoðaðu land og þjóð, auk verkefna sem kennarinn útbýr.

Leiðir

Unnið eftir söguaðferð. Umræður, lestur, skoðun bóka og vettvangsferðir. Nemendur vinna einstaklingslega eða í hópum. Verkefni eru fjölbreytt, skrifleg, munnleg, leikræn tjáning, söngur og föndur.

Sund

Markmið

Að nemendur

- venjist vatninu
- læri bringusund
- læri fótatök í skólabaksundi.

Námsmarkmið – nemendur:

- læri grunn að bringusundi og skólabaksundi með og án hjálpartækja
- aðlagist hreyfingu í vatni á jákvæðan og skemmtilegan hátt
- þjálfist í samvinnu, sýna tillitsemi gagnvart öðrum nemendum og kennara.

Hæfniviðmið

- Marglyttuflot
- 10 metra bringusund með/án hjálpartækja
- 10 metra skólabaksunds fótatök með/án hjálpartækja
- 8 metra skriðsunds fótatök, andlit í kafi, armar fram með/án hjálpartækja
- synda í gegnum hring á botni
- köfun eftir hlut
- 10 metra baksund með/án hjálpartækja

Námsmat

Það sem metið er:

- Hegðun og framkoma (við starfsfólk sem og gesti sundlaugar)
- sundstigin
- umgengni á sundstað bæði ofan í lauginni og einnig búningsklefum og biðstofu
- virkni og áhugi í tímum.

Textílmennt

Markmið

Að nemendur

- þjálfist í að klippa og vinna með eigin teikningu oghugmyndaflug

- þjálfist í að vinna með form og liti í tengslum viðtextíilverkefni
- þræði grófa nál og læri að ganga frá enda
- saumi nokkur einföld útsaumsspor
- geri sér grein fyrir hvernig lítil hugmynd verður aðfullunnum hlut
- fræðist um mismunandi aðferðir til að ná settu marki.

Námsmat

Umsögn byggist á getu og kunnáttu nemenda. Einnig eru hafðir í huga þættir eins og framfarir, sjálfstæði, frumkvæði, ástundun, vinnubrögð og samstarfshæfni.

Efnisþættir

- Myndsköpun
- klipp,
- einföld útsaumsspor til skreytinga
- fingraprjón
- einföld þæfing.

Námsgögn

Garn, ull, efni, pappír, penslar, litir, tölur, perlur, nálar og fleira.

Leiðir

Einstaklingskennsla og verkleg vinna.

Tónmennt

Markmið

Að nemendur

- fái markvissa þjálfun í takt- og lagskyni með iðkun tónlistar
- kanni, velji og setji saman hljóð frá hljóðgjöfum eins og röddum, líkamanum og hljóðfærum og búi þannig til tónlistarhugmyndir, hljóðmyndir og einföld tónverk
- flytji lög í hópum með áherslu á túlkun og textaframburð
- flytji tón- og hrynmynstur eftir heyrn og grafískum nótnátáknum
- vinni áfram með tónlistarhugtök, s.s. veikt og sterkt, háa og djúpa tóna, hratt og hægt, bjart og dimmt.

Námsefni

Leikum og syngjum, sönghefti skólans, *Syngjandi skóli*, *Það var lagið*, *Tónmennt 1.* hefti, tónlist af geisladiskum og Netinu.

Leiðir

Unnin verða hópverkefni sem kalla á sköpun og flutning tónlistar. Hlustað verður á tónlist og dansað, ýmis hlustunarverkefni verða lögð fyrir nemendur. Nemendur leika á skólahljóðfæri í hópum. Nemendur þjálfast í söng og ná að kynnast möguleikum

raddarinnar í gegnum „kall og svar“ með kennara. Nemendur læra söngva eftir heyrn og táknum.

Námsmat

Áhugi, virkni, samvinna og vinnubrögð metin.

Trúarbragðafræði

Meginmarkmið

Að nemendur

- efli trúarlegan, siðferðilegan og félagslegan þroska sinn
- öðlist þekkingu á öðrum trúarbrögðum og temji sér umburðarlyndi og virðingu fyrir rétti manna til mismunandi trúar- og lífsskoðana.

Markmið

Að nemendur

- öðlist þekkingu á *Biblíunni*
- temji sér samskiptareglur sem byggja á kærleika, sáttfýsi, mannhelgi, félagslegu réttlæti og umhyggju fyrir öðrum mönnum, öllu lífi og umhverfi.

Námsmat

Áhugi, virkni og vinnubrögð nemenda metin.

Efnisþættir

- Samskipti
- *Biblían*
- kirkjan og hátíðir
- frásagnir úr lífi Jesú

Námsefni

Barnabiblían, Regnboginn, o.fl. uppsláttarrit.

Leiðir

Unnið með sögurammana *Örkin hans Nóa* og *Jólaguðspjallið*, heimsókn í Bústaðakirkju.

Hönnun og smíði

Markmið

Að nemendur

- þekki og tileinki sér þær öryggisreglur sem gilda í smíðastofunni
- læri að þekkja og nota grunnverkfærin og tileinki sér aðgæslu í umgengni við þau

- geri sér grein fyrir mikilvægi góðrar umgengni um smíðaverkstæðið og tileinki sér verklag í samræmi við það
- læri að taka tillit til annarra og bera virðingu fyrir eigin verkum og annarra
- velti fyrir sér gildi hönnunar í daglegu lífi
- læri að þekkja höfuðáttirnar.

Áhersla lögð á frumkvæði og sköpun með því að nemendur:

- leysi sjálfir verkefni á eigin forsendum
- læri að nota ólík efni og áhöld og vinna sjálfstætt
- geri sér grein fyrir því að manneskjan mótar umhverfi sitt með sköpunarmætti sínum og verkum.

Leiðir

Unnið er með krossvið við að hanna og skapa vindhana þar sem reynir á þætti eins og frumkvæði, sköpun, sjálfstæði í vinnubrögðum og vandvirkni.

Námsmat

Símat felur í sér að kennari metur tvisvar á önn fjóra þætti í verklagi nemanda:

- hugmyndaauðgi og hönnun
- umgengni og hegðun
- verkfærni og vandvirkni
- iðni og afköst.

Umhverfismennt

Meginmarkmið

Að nemendur upplifi náttúruna og nánasta umhverfi sitt á jákvæðan hátt, verði meðvitaðir um þau áhrif sem þeir geta haft og temji sér rétta umgengni við náttúru landsins og geri sér grein fyrir að maðurinn er hluti af náttúrunni og lífsafkoma hans byggist á samspili við hana.

Markmið

Að nemendur

- sýni áhuga og ábyrgð á nánasta umhverfi
- flokki úrgang og skilji mikilvægi þess
- beri virðingu fyrir náttúru og umhverfi
- skoði lífríkið í nánasta umhverfi.
- fari í vettvangsferðir
- læri að endurnýta ýmsar afurðir.

Námsmat

Áhugi, virkni, samvinna og vinnubrögð metin.

Námsefni

Heimildir af veraldarvefnum og verkefni sem kennari útbýr.

Leiðir

Umræður, vettvangsferðir, athuganir, tilraunir, útikennsla, lestur og skoðun bóka. Nemendur vinna í hópum eða einstaklingslega.

Upplýsinga – og tæknimennt

Tæknilæsi, upplýsingalæsi og menningarlæsi

Meginmarkmið í 1.-4. bekk

- að gera nemendur eins vel læsa í víðum skilningi og kostur er, bæði á texta og töluleg gögn, þjálfa nemendur í gagnrýnni hugsun og tryggja grunnþekkingu á sviði tæknifærni og miðlunar
- að líta á upplýsinga- og tæknimennt sem eitt námssvið í þverfaglegri samvinnu við önnur námssvið eða –greinar.

Námsmat

Umsögn byggð á símati er gefin í lok annar.

Tæknilæsi

Markmið

Að nemendur

- þjálfist í að nota rétta fingrasetningu og líkamsbeitingu við innslátt á texta
- átti sig á hvernig lyklaborð skiptist í hægri og vinstri hluta
- geti ritað texta í ritvinnslu
- kunni að nota ákveðna sérlykla á lyklaborði, s.s. að eyða texta, leiðrétta texta og rita stóra stafi
- geti vistað skjöl og náð í vistuð skjöl á hörðum diskum
- geti nýtt sér efni af netinu sem hæfir þessum aldurshópi.

Leiðir

Nemendur vinna í tölvuveri. Lögð er áhersla á þverfaglega samvinnu og vinnu að heildstæðum verkefnum og að tengja þau áhugasviði og hæfni hvers og eins.

Upplýsinga- og menningarlæsi

Markmið

Að nemendur

- átti sig á mun á skáldsögum og fræðsluefni og viti hvar gögn eru geymd á safninu
- kunni að leita í léttum orðabókum
- geti fundið lykilorð í einföldum texta og endursagt aðalatriði
- geti mótað spurningar og leitað svara í léttum fræðibókum
- læri á útlánakerfi safnsins
- læri að leita að efni á Neti við hæfi þessa aldurshóps

- komi reglulega á skólasafnið og fylgist með sögustundum
- fái reglulega lánuð gögn á skólasafninu
- fái kynningu á ýmsum tegundum bókmennta, s.s. þjóðsögum, ævintýrum og ljóðum
- þekki nokkra íslenska barnabókahöfunda
- taki þátt í lifandi dögum á skólasafni, s.s. bangsadegi og fleiri tilfallandi uppákomum.

Leiðir

Nemendur vinna safnverkefni á bókasafni. Einnig er lögð áhersla á þverfaglega samvinnu og vinnu að heildstæðum verkefnum og að tengja þau áhugasviði og hæfni hvers og eins.

Útikennsla

Meginmarkmið

Að nemendur læri að njóta nánasta umhverfis og öðlist virðingu fyrir náttúrunni, þekki, skilji og skynji raunveruleikann úti í náttúrunni og tengi við almennt nám, eflir þekkingu sína, vinni saman, geri rannsóknir og afla gagna á vettvangi.

Markmið

Að nemendur

- læri að útbúa sig í samræmi við veður og árstíma
- læri reglur sem gilda í útikennslu
- læri að vera saman í mismunandi stórum hópum og beri ábyrgð á sjálfum sér og hópnum í heild sinni
- semji sögur eða ljóð um náttúruna eða annað sem fyrir augu ber
- finni rímorð, samheiti, andheiti, sérnöfn og samnöfn
- fara í orðaleiki
- dragi ályktanir af rannsóknum og skrái niðurstöður
- geri einfaldar veðurathuganir
- fylgist með veðrinu og lesi hitastig af hitamæli
- þekki hugtök yfir veður
- geri tilraunir, skoði mismunandi lögum og form hluta, flokki, mæli og ræði um eiginleika og notagildi
- skoði mismunandi aðstæður lífvera í náttúrunni og einkenni þeirra eftir mismunandi lífsskilyrðum
- kynnist söfnum, vinnustöðum og stofnunum
- auki líkamlegt þol og þrek.

Efnispættir/leiðir

Hlusta, upplifa og njóta. Farið er í margs konar leiki. Skólalóð hreinsuð að hausti og vori. Hefðbundið námsefni í bókum brotið upp og sum verkefnið unnin úti. Áhersla á samþættingu námsgreina. Nemendur vinna einstaklingslega eða í hópum.

